

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. júlí 1982 er framleiðsla eftirtalinna forskriftalyfja og lyfja sem framleidd eru skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Elixir paracetamolis.

Gelatum aluminii hydroxidi 4%.

Gelatum aluminii hydroxidi 4% cum magnesii silicate 10%.

Tablettae B-combini DAK.

Tablettae methyldopi DAK.

Tablettae sulfamethoxazoli cum trimetoprimo DAK.

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. desember 1982.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 850,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 420,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 220,00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 606/1980 og 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.